

Sp.

1117. Breytingartillaga

[268. mál]

við till. til þál. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við eigendur og samtök þeirra, svo og yfirvöld heilbrigðismála.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir verði fullnægt í öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum og feli jafnframt í sér mat á fjárförf og þeim tíma sem slíkar aðgerðir tækju. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bættu nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum.